

Mánudaginn 27. maímánaðar.

Nr. 45/1894:

Skúli Thoroddsen
 gegn
 Birni Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjeraði af ritstjóra Birni Jónssyni gegn sýslumanni og ritstjóra Skúla Thoroddsen út af meiðyrðum í 16. tölubl. Þjóðviljans unga 1893. Var málið dæmt í hjeraði 13. júní f. á. með þeim úrslitum, að Skúli Thoroddsen var dæmdur í 25 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara í einfalt fangelsi í 7 daga, hin átöldu meiðyrði voru dæmd dauð og ómerk og Skúli Thoroddsen skyldaður til að greiða málskostnað 10 krónur.

Þessum dómi hefur Skúli Thoroddsen áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 1. nóv. f. á., og jafnframt hefur hann áfrýjað tveim úrskurðum, sem kveðnir voru upp í málinu 27. marz og 26. apríl 1894; með fyrri úrskurðinum hefur hjeráðs-dómarinn neitað að víkja úr dómarasæti í málinu, er Skúli hafði farið fram á, og með hinum síðari úrskurði neitaði dómarinn honum um lengdan frest í málinu.

Að því nú fyrst kemur til hins fyrra úrskurðar, þá hafði Skúli Thoroddsen, eins og umgetið, krafizt, að dómarinn viki úr dómarasæti sínu í málinu, og ástæður hans voru þær:

1. Að hin átalda grein í blaðinu »Þjóðviljinn ungi« væri svar upp á árásir, sem hann hefði orðið fyrir í blaðinu »Ísafold«, og þar sem

- honum væru borin ýms ósannindi viðvíkjandi framkomu hans gagnvart dómáranum;
2. að dómárin bæri til hans óvildarhug;
 3. að dómárin hafi fyrir rjetti kallað blaðið »Þjóðviljinn ungi« götublað og hann sjálfan götublaðsstjóra;
 4. að hann hafi þurft að leiða dómáran sjálfan sem vitni í þessu máli.

Að því hina fyrstnefndu ástæðu snertir, þá er hún með öllu þýðingarlaus í þessu máli; því þótt í »Ísafold« hefði verið ritað eitthvað um framkomu áfrýjanda við dómáran, þá gat það ekki gjört hann óhæfan til að dæma í málinu.

Hin önnur ástæðan fyrir kröfunni um, að hjeradsdómárin viki sæti, — en undir hana fellur og í raun og veru þriðja ástæðan — er sú, að hann beri óvildarhug til áfrýjanda, og vitnar áfrýjandinn í því efni til framkomu dómárans í öðru máli, þar er þeir voru málsviðeigendur. Hefur hann þessu til sönnunar lagt fram útdrátt úr rjettargjörðum tjeðs máls, en samkvæmt honum hefur hjeradsdómárin fyrir rjetti í nóvembermánuði 1893, þar er hann mætti sem vitnastefndur skömmu áður en fyrirbyggjandi mál var byrjað, haft þau orð um áfrýjanda jafnframt og hann mótmælti honum sem málflytjanda, að hann álti hann ekki svo heiðarlegan, að hann gæti flutt mál fyrir rjetti; að heiðvirdum manni megi renna til rifja að eiga orðastað við annan eins mann; að hann hafi hlaðið helberum ósannindum ofan á helber ósannindi; að hann hafi verið svo óskammfeilinn gagnvart

rjettinum, að o. s. frv.; enn fremur hefur hann borið áfrýjanda á brýn »götudrengjatilgátur« og kallað blað hans »götublað«, nefnt hann sjálfan »laungáfaðan«, »einfaldan tyro juris«, »marghrjáðan krossbera« »blessaðan sannleikspostula«, »saklausa lambið«, líkt honum við »iðrandi syndara« og að öðru leyti talað mjög óvirkulega og óvildarlega til hans, svo og fleirsinnis vænt hann ósanninda, og hefur allt þetta komið fram opinberlega fyrir rjetti. Þó að orð þessi kæmu fram í málsfærslu dómarans móti áfrýjanda, bera þau þó, eins og annars öll framkoma dómarans sem stefnda í tjeðu vitnamáli, vott um, að hann hafi borið svo ríkan óvildarhug til áfrýjanda, að hann verður eigi álitinn hafa verið bær til að dæma í máli þessu gegn áfrýjanda. Það verður því að fella úr gildi hinn áfrýjanda úrskurð 27. marz 1894 og dæma ómerka eptirfarandi meðferð málsins og dóminn í því. Eptir atvikum virðist málskostnaður eiga að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður 27. marz 1894 skal úr gildi felldur og eptirfarandi meðferð málsins og hjeradsdómurinn vera ómerkt. Málskostnaður falli niður.